

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/64/55

frá 22. júlí 2010

## um sameiginlegt snið fyrir aðra skýrslu aðildarríkja um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun tiltekinna rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda

(tilkynnt með númeri C(2010) 4955)

(2010/693/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnunum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB<sup>(1)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/42/EB ættu aðildarríkin að tryggja að vörurnar, sem tilgreindar eru í I. viðauka við þá tilskipun, séu aðeins settar á markað innan yfirráðasvæðis þeirra að loknum þeim tímamörkum sem tilgreind eru í II. viðauka við þá tilskipun ef innihald rokkgjörnu, lífrænu efnasambandanna er ekki yfir viðkomandi viðmiðunarmörkum, sem einnig er mælt fyrir um í II. viðauka við þá tilskipun, og ef innihald rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda er rétt merkt skv. 4. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Samkvæmt 7. gr. tilskipunar 2004/42/EB ættu aðildarríkin að leggja fram, á grundvelli sameiginlegs sniðs sem er unnið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, skýrslu um árangur af vöktunarátætlunum skv. 6. gr. þeirrar tilskipunar og um flokka og magn þeirra vara sem eru leyfðar.

- 3) Sniðið fyrir fyrstu skýrsluna, sem nær yfir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2007, var ákvarðað með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/205/EB<sup>(2)</sup>. Ákvarða skal sameiginlegt snið fyrir aðra skýrslu til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla skyldu sína til að leggja fram skýrslu sem nær yfir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2010.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/42/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu nota sniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun í því skyni að undirbúa skýrsluna sem um getur í 7. gr. tilskipunar 2004/42/EB og nær yfir tímabilið frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 19.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 301, 18.11.2010, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2011 frá

## VIÐAUKI

**SAMEIGINLEGT SNID FYRIR SKÝRSLUNA SEM LÖGÐ SKAL FRAM UM FRAMKVÆMD TILSKIPUNAR  
2004/42/EB OG TEKUR TIL TÍMABILSINS FRÁ 1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2010**

**1. Almennar upplýsingar og stjórnvaldsráðstafanir**

## 1.1. Yfirvald sem ber ábyrgð á þessari skýrslu:

Heiti	
Heimilisfang	
Tengiliður	
Tölvupóstfang	
Símanúmer	

## 1.2. Innan rammans um framkvæmd tilskipunar 2004/42/EB skal tilgreina yfirvaldið eða yfirvöldin, sem eru tilnefnd skv. 5. gr. þeirrar tilskipunar, og bera ábyrgð á eftirfarandi:

- a) að koma á fót vöktunaráætluninni, samræma hana og hafa umsjón með henni (á landsvísu),
- b) að annast skoðun og eftirlit á vettvangi (á svæðis- og/eða staðarvísu),
- c) að tryggja að landsákvæðunum, sem eru samþykkt til framkvæmdar þeirri tilskipun, sé framfylgt.

## 1.3. Ef mörg yfirvöld koma að framkvæmd tilskipunar 2004/42/EB skal tilgreina hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja eins samræmda framkvæmd þeirrar tilskipunar og unnt er á öllu yfirráðasvæðinu.

**2. Vöktunaráætlun (6. gr. tilskipunar 2004/42/EB)**

## 2.1. Var lagt fram afrit af landsbundnu vöktunaráætluninni í síðustu skýrslu?

já       nei

Hefur vöktunaráætlunin breyst frá því á síðasta skýrslutímabili?

já       nei

Ef fyrir hendi er skrifleg útgáfa af vöktunaráætluninni sem var ekki lögð fram með fyrstu vöktunarskýrslunni eða ef vöktunaráætlunin hefur verið endurskoðuð frá fyrstu skýrslu skal leggja fram afrit af nýju eða endurskoðuðu vöktunaráætluninni í viðaukanum við þessa skýrslu.

## 2.2. Ef skrifleg lýsing á vöktunaráætluninni hefur ekki verið lögð fram skal lýsa áætluninni í stuttu máli, einkum með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

- a) hvernig sannprófað er hvort farið sé að viðmiðunarmörkum fyrir rokgjörn, lífræn efnasambönd í II. viðauka við tilskipun 2004/42/EB,
- b) hvernig kröfurnar um merkingar, sem settar eru fram í 4. gr. tilskipunar 2004/42/EB, eru sannreyndar,
- c) hvernig rekstraraðilarnir, sem eru vaktadír á tilteknu ári, eru valdir,
- d) hvernig og að hvaða marki vöktun fer fram á þeim árum þegar ekki þarf að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina.

- 2.3. Ef unnt er skal áætla fjölda rekstraraðila sem eru virkir í aðildarríkjunum í sérhverjum af eftirfarandi flokkum:

	Áætlaður fjöldi
Framleiðendur	
Innflytjendur	
Heildsalar	
Smásalar	

- 2.4. Hvaða eftirfarandi rekstraraðilar falla undir vöktunaráætlunina, með tilliti til gerð markaðar í lið 2.3 hér fyrir ofan? <sup>(1)</sup>:

framleiðendur,  innflytjendur,  heildsalar,  smásalar,

aðrir (tilgreinið): ...

- 2.5. Ef unnt er skal áætla magn vara (þyngd eða rúmmál) á markaði innan gildissviðs tilskipunar 2004/42/EB fyrir árið 2010.

- 2.6. Leggja skal fram áætlun um hlutfall markaðar sem er undir eftirliti samkvæmt vöktunaráætluninni á tilteknu ári miðað við magn vara sem sett er á markað.

0–20%  21–40%  41–60%  61–80%  81–100%

- 2.7. Eftirlitið fer yfirleitt fram <sup>(1)</sup>:

með vettvangsheimsóknum án þess að rekstraraðila sé tilkynnt um það fyrirfram.

með vettvangsheimsóknum sem rekstraraðila er tilkynnt um fyrirfram.

með öðrum hætti (tilgreinið): ...

- 2.8. Hvernig sannreyna lögbær yfirvöld að vörur séu í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir rok gjörn, lífræn efnasambönd sem sett eru fram í II. viðauka við tilskipun 2004/42/EB <sup>(1)</sup>?

A: með sýnatöku og greiningu á vörum sem rannsóknarstofa sem hefur fengið faggildingu framkvæmir með greiningaraðferðunum sem settar eru fram í III. viðauka við tilskipun 2004/42/EB,

B: á grundvelli skýrslu um greiningu á vöru sem rekstraraðili gerir með greiningaraðferðunum sem settar eru fram í III. viðauka við tilskipun 2004/42/EB (framleiðandi, innflytjandi, heildsali eða smásali),

C: með öðrum hætti (tilgreinið): ...

- 2.9. Er eftirlit með vörumerkingum framkvæmt <sup>(1)</sup>:

A: með sjónrænni skoðun á vettvangi,

B: með því að lögð eru fram sýnishorn af merkjum fyrir skoðunaryfirvaldið sem tilgreint er í b-lið liðar 1.2,

C: með öðrum hætti (tilgreinið): ...

<sup>(1)</sup> Fleiri en eitt svar koma til greina.

- 2.10. Eftirlit með rekstraraðila fer fram <sup>(1)</sup>:
- σ með kerfisbundnum hætti og oftast en einu sinni á ári fyrir mikilvægustu rekstraraðilana,
  - σ með kerfisbundnum hætti og einu sinni á ári fyrir mikilvægustu rekstraraðilana,
  - σ á handahófskenndan hátt fyrir alla rekstraraðila,
  - σ á handahófskenndan hátt fyrir smærri rekstraraðila,
  - σ með öðrum hætti (tilgreinið): ...
- 2.11. Ef unnt er skal leggja fram áætlun um heildarkostnað í evrum á ári í tengslum við framkvæmd vöktunaráætlunarinnar (starfsfólk, sýnataka og greining, eftirlit með merkingum, framfylgd, annar kostnaður).

Áætlaður kostnaður vegna vöktunar í evrum á ári:

- σ minna en 20 000 evrur,
  - σ 20 000 til 40 000 evrur,
  - σ 41 000 til 60 000 evrur,
  - σ meira en 60 000 evrur.
3. **Helstu niðurstöður vöktunaráætlunarinnar sem var framkvæmd árið 2010 (7. gr. tilskipunar 2004/42/EB)**
- 3.1. Samantekt yfir skoðanir

Tilgreina skal fjölda skoðana sem eru framkvæmdar á innihaldi rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda og hundraðshluta tilvika er ekki er farið að viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í II. viðauka við tilskipun 2004/42/EB á vettvangi aðildarríkisins með því að fylla út töflu A, B og C.

Aðildarríkin geta lagt fram áætlun um fjölda skoðana sem eru framkvæmdar á innihaldi rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda og hundraðshluta tilvika er ekki er farið að viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í II. viðauka við tilskipun 2004/42/EB á vettvangi aðildarríkisins á grundvelli framreiknings upplýsinga frá viðeigandi fjölda yfirvalda. Ef upplýsingarnar í töflu A, B eða C eru áætlaðar hvert er þá áætlað hlutfall markaðar sem er undir eftirliti þessara yfirvalda miðað við magn vara sem sett er á markað?

σ 0–20% σ 21–40% σ 41–60% σ 61–80% σ 81–100%

3.1.1. Tafla A <sup>(2)</sup>

Fyrir athafnasvæði sem er skoðað með tilliti til innihalds rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda eða merkinga, eða bæði, skal fylla út töflu A.

Tafla A	Framleiðendur	Innflytjendur	Heildsalar	Smásalar	Aðrir
1. Fjöldi athafnasvæða þar sem innihald rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda og merkingar voru athuguð					
2. Fjöldi athafnasvæða þar sem innihald rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda var athugað					
3. Fjöldi athafnasvæða þar sem merkingar voru athugaðar					

<sup>(1)</sup> Fleiri en eitt svar koma til greina.

<sup>(2)</sup> Heildarfjöldi athafnasvæða sem heimsóttur er eða áætlaður heildarfjöldi er samtala 1., 2. og 3. línu.

## 3.1.2. Tafla B

Fyrir athafnasvæði sem eru skoðuð með tilliti til innihalds rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda (upplýsingar sem eru veittar í 1. og 2. línu í töflu A) skal fylla út töflu B.

Tafla B	Framleiðendur	Innflytjendur	Heildsalar	Smásalar	Aðrir
Fjöldi vörusýna sem eru greind með þeim aðferðum sem eru tilgreindar í A- eða B-lið liðar 2.8 í þessum viðauka					
Fjöldi vörusýna sem eru greind með þeirri aðferð sem er tilgreind í C-lið liðar 2.8 í þessum viðauka, eftir því sem við á					
Hundraðshluti sýna sem samræmast ekki I. áfanga viðmiðunarmarka fyrir rokkgjörn, lífræn efnasambönd (*)					
Hundraðshluti sýna sem samræmast ekki II. áfanga viðmiðunarmarka fyrir rokkgjörn, lífræn efnasambönd (*)					

(\*) Sett fram í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2004/42/EB. Að því er varðar vörur til lakkviðgerða ökutækja gildir einungis I. áfangi.

## 3.1.3. Tafla C

Fyrir athafnasvæði sem eru skoðuð með tilliti til merkinga (upplýsingar sem eru veittar í 1. og 3. línu í töflu A) skal fylla út töflu C.

Tafla C	Framleiðendur	Innflytjendur	Heildsalar	Smásalar	Aðrir
Fjöldi merkinga sem athugaðar eru í sjónrænum skoðunum með aðferðinni sem er tilgreind í A-lið liðar 2.9 í þessum viðauka					
Fjöldi merkinga sem eru athugaðar með öllum öðrum aðferðum sem eru tilgreindar í B- eða C-lið liðar 2.9 í þessum viðauka					
Hundraðshluti merkinga sem uppfylla ekki kröfur					

3.2. Hvaða vöruflokkar í I. viðauka við tilskipun 2004/42/EB reyndust einkum ekki uppfylla (1) viðmiðunarmörkin fyrir innihald rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda í II. viðauka og (2) kröfur um merkingar vara í 4. gr. (að því er varðar allt að fimm algengustu flokkana)?

3.3. Tilgreina skal til hvaða aðgerða hefur verið gripið í framhaldi af tilvikum þegar kröfurnar eru ekki uppfylltar í því augnamiði að tryggja að kröfurnar í tilskipun 2004/42/EB verði uppfylltar.

#### 4. Undanþágur sem veittar eru skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/42/EB

4.1. Hvernig var fyrirkomulaginu á undanþágum, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/42/EB, komið á fót?

4.2. Hvaða eftirlitskerfi hefur verið komið á fót til að tryggja að vörur, sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun 2004/42/EB og samræmast ekki viðmiðunarmörkunum í II. viðauka við tilskipun 2004/42/EB, séu ekki seldar rekstraraðilum öðrum en stöðvum sem eru skráðar eða leyfðar skv. 3. og 4. gr. tilskipunar ráðsins 1999/13/EB<sup>(3)</sup>?

4.3. Tilgreina skal áætlað magn vara sem njóta undanþágu (samkvæmt flokkuninni í I. viðauka við tilskipun 2004/42/ESB) árið 2010, ef það liggur fyrir.

(<sup>3</sup>) Stjttö. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

5. **Sérstök leyfi sem veitt eru skv. 3 mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/42/EB**
- 5.1. Hefur möguleikinn á að veita sérstök leyfi, sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/42/EB, verið nýttur í tengslum við endurgerð og viðhald bygginga og fornökutækja sem hafa sérstakt sögulegt og menningarlegt gildi?
- 5.2. Ef svo er skal lýsa í stuttu máli hvernig kerfið sem komið var á fót til að veita sérstök leyfi virkar:
- Hvaða yfirvöld sjá um að gefa út sérstök leyfi?
  - Hvaða yfirvöld sjá um að tilfærna byggingar og/eða fornökutækki með sérstakt sögulegt og menningarlegt gildi?
  - Samkvæmt hvaða viðmiðunum hefur verið ákveðið að sérstakt sögulegt og menningarlegt gildi sé fyrir hendi?
  - Ef unnt er skal tilgreina áætlaðan fjölda þeirra bygginga og/eða fornökutækja sem lögbær yfirvöld hafa tilnefnt af því þau hafi sérstakt sögulegt og menningarlegt gildi.
  - Hvernig er séð til þess að vörurnar, sem um er að ræða, séu
    - aðeins seldar í „mjög takmörkuðu“ magni,
    - aðeins notaðar við endurgerð og viðhald tilnefndra bygginga og/eða fornökutækja?
  - Vinsamlegast lýsið flokkum og magni þeirra vara sem eru leyfðar skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2004/42/EB, helst með eftirfarandi töflu:

Flokkar	Samsvörun við I. viðauka við tilskipun 2004/42/EB	Magn vara sem eru tilbúnar til notkunar sem hafa fengið leyfi (þyngd eða rúmmál)
1. flokkur		
2. flokkur o.s.frv.		

6. **Aðrar upplýsingar sem skipta máli**
- 6.1. Hverjir voru helstu erfiðleikarnir sem upp komu við að setja á laggirnar og framkvæma vöktunaráætlunina, þ.m.t. vandamál við framkvæmd tilskipunarinnar eða í stjórnsýslunni, sem komu upp við framkvæmd einhvern tiltekinnar vöktunaráætlunar? Hvernig var leyst úr þessum erfiðleikum?
- 6.2. Greina skal frá öllum frekari athugasemdum, tillögum eða upplýsingum sem skipta máli í tengslum við framkvæmd tilskipunar 2004/42/EB.